

15. gr.

Refsingar. Svipting leyfis.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum er settar kunna að verða samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

Við alvarleg eða ítrekuð brot er Vegagerðinni heimilt að svipta viðkomandi leyfum er honum hafa verið veitt samkvæmt lögum þessum. Slík svipting tekur gildi þegar í stað og gildir þar til úrlausn hefur fengist í málinu skv. 1. mgr.

Sama gildir um skilyrði leyfis eins og þau eru tilgreind í leyfisbréfi.

16. gr.

Reglugerðarheimild.

Samgönguráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um einstök ákvæði í lögum þessum.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum vegna skuldbindinga er leiðir af samningnum um Evrópska efnahags-svæðið.

17. gr.

Gildistaka. Brottfallin lög.

Lög þessi taka gildi 1. júní 1999. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 53/1987, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, með síðari breytingum.

Gjört í Reykjavík, 11. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ragnar Arnalds.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Halldór Blöndal.

LÖG

**um breytingu á lögum um skipulag ferðamála,
nr. 117/1994, með síðari breytingum.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Aðrir fundir skulu haldnir samkvæmt ákvörðun ráðsins.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðherra skipar sjö menn í Ferðamálaráð og jafnmarga til vara. Skipunartími Ferðamálaráðs skal vera fjögur ár, en skipunartími ráðherraskipaðra fulltrúa skal þó takmark-

aður við embættistíma þess ráðherra sem skipar þá. Skulu tveir skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins og hinn varaformaður. Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu eftirtalinnna: Samtaka ferðaþjónustunnar, sem tilnefna tvo menn, Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem tilnefnir tvo, og Ferðamálasamtaka Íslands, sem tilnefna einn.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Ferðamálaráði er heimilt að skipa undirnefndir til þess að vinna að einstökum mála-flokkum. Í undirnefndir er heimilt að skipa menn sem ekki eiga sæti í Ferðamálaráði.

4. gr.

Á eftir 1. tölul. 7. gr. laganna kemur nýr töluliður og breytist töluröð annarra liða til samræmis við það:

2. Rannsóknir og kannanir á sviði ferðamála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ragnar Arnalds.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Halldór Blöndal.

16. mars 1999

Nr. 15

LÖG

**um breytingu á lögum um útflutning hrossa,
nr. 161/1994, sbr. lög nr. 73/1996.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. og 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Gjaldið skal vera 6.800 kr. og greiðist í sérstakan útflutningssjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Er því ætlað að standa undir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum og útgáfu upprunavottorðs en 5% gjaldsins skal greiða í stofnverndarsjóð sem starfar skv. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.